MINNING

Skeggi Samúelsson

Í dag fer fram frá Fossvogskirkju jarðarför Skeggja Samúelssonar járnsmiðs, sem þekktur var sem þjóðhagasmiður og mikill áhugamaður um félagsmál. Hann átti um skeið sæti í stjórn Alþýðusambands Íslands og stóð lengi framarlega í samtökum járniðnaðarmanna og félagsskap framsóknarmanna í Reykjavík. Hann var oft ofarlega á framboðslista Framsóknarflokksins, bæði við borgarstjórnarkosningar og þingkosningar.

Skeggi Samúelsson var fæddur 17. okt. 1897 að Miðdalsgröf í Steingrímsfirði, sonur hjónanna Þuríðar Ormsdóttur og Samúels Guðmundssonar, og var hann næstyngstur af 18 börnum þeirra, er upp komust.

Þegar hann var fjögurra ára gamall, dó Þuríður móðir hans frá hinum stóra barnahópi, sem tvístraðist að nokkru leyti við þetta áfall. Skeggi ólst þó upp hjá föður sínum og eldri systkinum. Fátæktin var mikil og lífsbaráttan hörð, um skólagöngu var ekki að ræða, heldur vinnu og aftur vinnu.

Árið 1921 réðst Skeggi í að sækja um skólavist á Hvanneyri, og stundaði þar nám í tvö ár. Þrátt fyrir takmarkaðan undirbúning, nýttist honum dvölin þar mjög vel sakir áhuga hans og dugnaðar við námið og má segja að dvölin á Hvanneyri hafi orðið honum til gagns og gleði ævina á enda.

Næstu árin stundaði Skeggi járnsmíðar á Ísafirði og lauk þaðan meistaraprófi í þeirri grein.

Árið 1929 kvæntist hann eftirlifandi konu sinni, Ragnheiði Jónsdóttur Brandssonar prófasts að Kollafjarðarnesi í Steingrímsfirði, og hófu þau búskap að Felli í Kollafirði. Eftir þrjú ár lá svo leiðin aftur til Ísafjarðar, þar sem hann vann við járnsmíðar til ársins 1936, en það ár gerðist hann bústjóri á Seljalandi, þar sem Ísafjarðarbær rak kúabú. Þar dvöldust þau hjónin ásamt börnunum til ársins 1946, en þá fluttust þau til Reykjavíkur. Tók Skeggi þá aftur til við járnsmíðarnar, fyrst í vélsmiðjunni Keili við Elliðavog síðan hjá Kristjáni Gíslasyni og loks hjá Tækni hf. Þar varð hann fyrir slysi, missti fingur á hægri hendi og lagði þá niður vinnu á verkstæðum. Eftir það vann hann á heimili sínu í Skipasundi 68 bæði við járn- og trésmíðar, þar til heilsan bilaði og erfið veikindi unnu bug á þrekinu skref fyrir skref. Hann andaðist á Landakotsspítala 24. september síðastliðinn.

Skeggi Samúelsson eignaðist mikilhæfan og góðan lífsförunaut, Ragnheiði Jónsdóttur, enda varð hjónaband þeirra ástríkt og hamingjusamt. Eftirlifandi börn þeirra eru: Þuríður, f. 23.2 1930 gift Guttormi Þormar, hreppstjóra í Geitagerði. Guðný f. 6.1. 1932, gift Guðmundi Ingimarssyni, flugvirkja. Ormar, verzlunarstjóri hjá Torginu f. 21.12. 1937, kvæntur Sigríði Ingvarsdóttur og Elín f. 1.12. 1939 gift Þorvaldi Axelssyni skipstjóra hjá Landhelgisgæzlunni. Auk þess ólu þau Ragnheiður og Skeggi upp að nokkru leyti frænda sinn Gunnar Benediktsson f. 2. okt. 1937.

Áður en Skeggi giftist átti hann tvö börn með Vilborgu Magnúsdóttur, sem látin er fyrir tveimur árum. Þau eru: Knútur, magnaravörður, f. 21.4. 1924, kvæntur Ingeborgu f. Gunther. Brynhildur f. 24.9. 1925, gift Benedikt Benediktssyni bifreiðarstjóra.

Börnum sínum öllum reyndist Skeggi hinn ástríkasti faðir. Heill þeirra og velferð var honum fyrir öllu. Þau geyma í þakklátum huga minninguna um mann sem jafnan hafði jákvæð viðhorf til lífsins. Sama gildir um barnabörn hans, en a.m.k. þrjú þeirra dvöldu á heimili þeirra Ragnheiðar og Skeggja meðan þau stunduðu menntaskólanám.

Það einkenndi mjög alla framkomu Skeggja Samúelssonar, að ekkert andstreymi gat unnið bug á velvild hans til þeirra, er hann kynntist, ekki síst til þeirra, sem minna máttu sín. Hjá honum var fyrirgefningin jafnan á næsta leiti og þakklæti til þeirra, er honum reyndust vel, var ómælt í ljós lát-



ið til hins síðasta. Þannig var hann afar þakklátur fyrir frábæra umönnun er starfsfólk Landakotsspítala veitti honum síðasta spölinn og þann mikilvæga styrk er ástvinir hans veittu honum.

Eins og Skeggi var þakklátur samferðamönnum sínum, voru þeir ekki síður þakklátir honum, því að hann átti í ríkum mæli þá eiginleika að geta glaðzt með glöðum og verið til styrktar þeim sem hryggir voru. Slíkir menn verða alltaf eftirsóttir undir hvaða kringumstæðum, sem er.

Skeggi Samúelsson var mikill félagshyggjumaður. Eins og áður segir, starfaði hann í samtökum járnsmiða og Framsóknarfélagi Reykjavíkur um árabil. Hann tók einnig drjúgan þátt í störfum áttahagafélags Strandamanna. Hann hafði yndi af söng og var í kór Langholtskirkju um skeið. Hann var mikill garðyrkjumaður og garðyrkjan var honum til yndisauka bæði á Ísafirði og eftir að hann flutti til Reykjavíkur.

Það kom vel í ljós í öllu félagslegu starfi Skeggja, að hann var maður sanngjarn og velviljaður, en fastur fyrir, ef honum fannst réttu máli hallað.

Á efri árum stundaði Skeggi Samúelsson tréskurð og rennismíði og margan fagran grip vann hann bæði fyrir fjölskyldu sína og aðra, t.d. smíðaði hann skírnarfonta fyrir kirkjur. Hagleikurinn var mikill og eljusemin ekki minni, og hann var svo lánsamur að hafa góða sjón og handstyrk fram á elliár.

Þau heimili eru orðin mörg, sem bera vitni um fagurt handbragð Skeggja Samúelssonar.

Við samherjar og vinir hans þökkum honum innilega að leiðarlokum og vottum frú Ragnheiði og öðrum aðstandendum hans samúð okkar í vissu um, að minningin um hann verður þeim góður förunautur.

Þ.Þ.

Af sjálfsögðum hlutum

Leikmyndasmiðir sýna á Kjarvalsstöðum

Gunnar Bjarnason, Gylfi Gíslason, Jón Benediktsson, Lárus Ingólfsson, Magnús Pálsson, Magnús Tómasson, Messíana Tómasdóttir, Sigurjón Jóhannsson, Steinþór Sigurðsson, Valgerður Bergsdóttir og Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir.

Þeir sem fylgjast með skrifum gagnrýnenda um leikhúsið, geta víst flestir tekið undir það, að það eru einkum vissir þættir leikja, eða sjónleiksins, sem fjallað er um í blöðunum, það er einkum frammistaða leikenda, verk leikstjórans, og verk höfundarins, sem tekið er til rækilegrar umfjöllunar, stundum að minnsta kosti, en afar sjaldan er ritað um aðra þætti leiksýninga, a.m.k. ekki á sama hátt og um áðurnefnd atriði.

Þar á ég til dæmis við starf leikmyndateiknara, ljósamanna, já og leiktónahönnuða. Um það er ekki ritað meira en stúlkur sem vísa til sætis, eða dyraverðina í leikhúsinu, og þetta skeður þrátt fyrir að leikhúsverk er fjölefli, þar sem margir leggja hönd á plóginn. Það eru aðeins hin listrænu mörk, sem eru dregin við leikarann, höfundinn og leikstjórann.

Klappað fyrir leikmyndum


Erlendis er þessu dálítið öðruvísi varið. Í Bandaríkjunum til dæmis er oft klappað sérstaklega fyrir leikmyndinni, eða leikmyndateiknaranum í upphafi sýningar og svo mun í fleiri löndum líka. Á Íslandi klappa menn ekki fyrir leikmyndum, og þótt fyrir komi að leikmyndar sé getið t.d. í gagnrýni, heyrir það til hreinna undantekninga.

Það er því dálítið þörf ábending, sem fólgin er í sýningu leikmyndateiknara, sem nú er haldin á Kjarvalsstöðum, en þar sýna flestir af þekktustu leiktjaldamálurum höfuðborgarinnar nokkur verka sinna, sviðsmódel, búninga, sviðsmuni, húsgögn, kökur og höggmyndir, og einnig margt annað sem of langt er upp að telja.

Kjarvalsstaðir standa að þessari sýningu og kynna hana með aðfararorðum í sýningarskrá, en þar segir m.a.:

„Leikhúsverk er í eðli sínu hópvinna þar sem margir leggja hönd á plóginn. Leikmyndagerð er þáttur í því starfi en engu að síður sjálfstæð listgrein, þar sem tilraunastarfsemi hefur aukist mjög á síðari árum. Hér á landi hafa vel menntaðir nýliðar bætst í hópinn á síðustu árum, starfandi myndlistarmenn hafa tekið að sér einstök verkefni hjá leikhúsunum, og Félag leikmyndateiknara á aðild að Félagi íslenskra leikara. Það eru ekki aðeins atvinnuleikhúsin sem hér leggja til aukinn metnað. Eftir því sem leikfélögunum úti á landsbyggðinni hefur aukist ásmegin, hafa þau einnig ráðið til sín leikmyndahönnuði jafnt og leikstjóra. — Þessari sýningu er á engan hátt ætlað að vera yfirlit eða úttekt þess sem hefur verið að gerast í þessari listgrein undanfarið, nokkrir af okkar þekktustu leikmyndateiknurum eru ekki með vegna anna á öðrum stöðum, Björn G. Björnsson, Jón Þórisson og Snorri Sveinn Friðriksson, svo nokkrir séu nefndir, og af þeim sökum m.a. gerir þessi sýning nánast engin skil leikmyndagerð í sjónvarpi og kvikmyndum. — Hér kennir margra grasa, frumdrættir, búningateikningar leikmyndir, grímur, ljósmyndir, jafnvel heil leiktjöld. Þetta eru fjölbreytt sýnishorn fremur en að rakin sé þróun eða fylgt ákveðnu þema. En tilgangurinn ætti eigi að síður að vera augljós, að gera gestum grein fyrir mikilvægi þeirrar myndlistar sem mótar ramma, stíl og heildaryfirbragð leiksýningar. Og þessari leikmyndasýningu tengist einmitt lifandi leiksýning: FLUGLEIKUR Þjóðleikhússins verður hér á hverju kvöldi í þessum sama sal meðan sýningin stendur yfir, og er þannig skemmtilegur hluti af sýningunni. Þeir sem taka þátt í sýningunni LEIKMYNDIN eru:

Baltasar, Birgir Engilberts, Guðrún Svava Svavarsdóttir,



Gagnrýnendum er vandi á höndum

Þar eð leiktjaldahönnun, eða leikmyndagerð er í rauninni bæði leiklist og myndlist er dálítið örðugt að meta hana í venjulegri leiklistargagnrýni. Hún hefur sem sé tvær þungamiðjur, eins og þingmaðurinn sagði. Leikmynd getur verið skemmtileg, en fellur illa að leiknum, og öndverð staða kemur einnig upp.

Sýnu verra er þó, að örðugt getur verið að geta sér til um upprunaleikmynd, einkum þegar á ferðinni eru fræg erlend verk (leikrit).

Sem dæmi vill undirritaður taka, að fyrir skömmu var hér sýnt enskt leikrit, sem vinsælda naut. Undirritaður átti naumast orð til að lýsa hugkvæmni leiktjaldamálarans og búningateiknarans. Nokkrum vikum síðar átti hinn sami leið, um London, þar sem verkið var fyrst frumsýnt — og gekk enn —, og viti menn. Þar var notuð nákvæmlega sama leikmynd og sömu búningar og á Íslandi. Þessa var hins vegar ekki getið í leikskrá heikhússins hér heima. Þetta verður til þess að maður á dálítið bágt með að fjölyrða

Framhald á bls. 15

MYNDLIST — LEIKLIST